

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

15. mars 2018
UST201802-228/R.K.
08.12.00

Efni: Tillaga að matsáætlun – Fiskeldi á landi – Matorka við Húsatóftir í Grindavík

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar er barst dags. 20. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun Matorku ehf. (áður IceAq ehf.) til stækkunar landeldis laxfiska skv. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er að stækka fiskeldi rekstraraðila, á landi við Húsatóftir í Grindavík, úr 3.000 tonna framleiðslu í 6.000 tonn á bleikju, laxi og urriða. Eldið fer fram á tveimur svæðum, seiðaeldi á eldra neðra svæði og áframeldi á nýrra efra svæði, suð-vestan við Grindavíkurbæ norðan Nesvegar. Gegnumstreymi og endurnýting ísalts og fullsalts vatns er nýtt við framleiðsluna auk þess sem affalls jarðhitavökvi HS Orku úr Svartsengi er nýttur til að stilla af eldshitastig. Þá er súrefnisbæting staðsett í sérstökum hólfum milli kerja skv. greinagerð. Megin mannvirki framkvæmdarinnar skv. greinagerð eru eldisker, borholur og tæknirými.

Umhverfisstofnun telur að eftirfarandi upplýsingar þurfi að liggja fyrir í frummatsskýrslu.

- **Starfssemi í Grindavík og fyrirliggjandi áform um stækkun.**

Í ljósi þess að rekstraraðili hefur tvö starfsleyfi til landeldis í Grindavík er mikilvægt að í frummatsskýrslu komi forsaga beggja starfsleyfa rekstraraðila og hvort áform séu um sameiningu þeirra með þeirri framkvæmd sem hér er til umfjöllunar.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirliggjandi tillaga að matsáætlun er fyrir aukningu titlaða á Húsatóftir, líkt og sjá má að ofan, en starfsleyfi Matorku fyrir 3.000 tonna eldi er hins

vegar við svokallaðan i5 reit aðalskipulags vestan Grindavíkur en svæðið er einnig samþykkt á deiliskipulagi 2010 (bls. 36). Starfsleyfi Matorku við Húsatóftir er aftur á móti fyrir allt að 200 tonna landeldi. Í greinagerð er starfseminni lýst sem ný stöð á efra svæði (leyfi á i5 reit) og eldri stöð á neðra svæði (leyfi að Húsatóftum). Því er óljóst í greinagerð hvort hér sé verið að sækja um stækkun á starfsleyfi Matorku við Húsatóftir eða i5 reit aðalskipulags vestan Grindavíkur, eða hvor sótt sé eftir því að sameina þessi tvö starfsleyfi Matorku. Þá þarf einnig að koma fram hvort rekstraraðili hafi í huga að framleiða áfram regnboga og borra líkt og leyfi er fyrir. Mikilvægt er að í frummatsskýrslu sé skýrt hvað rekstraraðili sækir um við framleiðsluaukningu m.t.t. gildandi starfsleyfa rekstraraðila. Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á 2. mgr. 4. gr. reglugerðar 105/2000 varðandi fjarlægð milli strandeldisstöðva sem skal ekki vera minni en 2 km. Hér þurfa áætlanir að taka tillit til annarra rekstraraðila líkt og fiskeldisstöð Samherja fiskeldis ehf. (áður Íslandsbleikja ehf.) á Stað í Grindavík.

- **Slátrun og smithætta**

Koma þarf fram nánari umfjöllun á slátrun eldisfisks og smit- og sjúkdómsvarnir starfseminnar.

Í greinagerð kemur fram að seiðastöð er starfrækt í Fellsmúla á Hellu, og að smáseiði eru svo flutt á neðra svæði Húsatófta í Grindavík þar sem þau vaxa og eru svo lokst flutt á efra svæði (nýju stöðina) til að vaxa í sláturstærð (bls. 40). Umhverfisstofnun bendir á að í greinagerð koma fram mismunandi upplýsingar um stærð seiða sem alin eru á neðra svæði, á bls. 21 segir 250 g stærð en á bls 40. segir 400 g stærð. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að þess sé gætt að upplýsingar í frummatsskýrslu séu skýrar og að samræmis sé gætt.

Fiski sé slátrað í sérstakri aðstöðu á neðra svæði í landi Húsatófta, fjarri eldiseiningu (bls. 33). Umhverfisstofnun bendir á að núgildandi starfsleyfi rekstraraðila gildir til fiskeldis en nær ekki til slátrun fisks sbr. gr. 1.2 og þarf að gera nánari grein fyrir starfsemi slátrunar, á vegum hverra hún er, í frummatsskýrslu.

- **Fráveita**

Upplýsingar um efnainnihald fráveitu frá eldi og möguleg áhrif sem þau geta haft á vistkerfi svæðisins, með umfjöllun um dreifing næringarefna úr affalli eldis í viðtakann. Eðlilegt er að fram komi hvort aðferðin við söfnun lífræns úrgangs verður valin til að nota við fyrirhugaða stækkun, úrgangsbelg eða beltapurrkara (bls. 31) og rökstuðning hvers vegna sá kostur var fyrir valinu.

Umhverfisstofnun minnir á að fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Fram kemur í greinagerð að í starfsleyfi Umhverfisstofnunar er kveðið á um að frárennsli strandeldisstöðva skal leitt í röri til sjávar (bls. 28). Stofnunin bendir á gr. 2.4. í starfsleyfi 3.000 tonna eldis á reit i5, þar sem finna má ákvæði til að takmarka mengun frá frárennsli fiskeldis. Auk þess vekur Umhverfisstofnun athygli á gr. 2.6. starfsleyfis 200 tonna eldis við Húsatóftir er tekið fram að forhreinsa skal frárennsli áður en það berst í viðtakann og fylgja skal bestu fánlegu tækni fyrir fiskeldi. Umhverfisstofnun telur að

leggja eigi áherslu á að takmarka rask í fjöru eins og kostur er við lagningu frárennslis. Stofnunin tekur undir það að magn af föstu efni breytist lítið eftir tegundasamsetningu laxfiska í eldi (bls. 30).

Fram kemur í greinagerð að engin önnur starfsemi er komin á iðnaðarsvæðið og ekkert frárennsliskerfi er til staðar á svæðinu (bls. 32). Frárennslis starfsmannaástöðu verður því leitt í rotþróð. Þá er einnig minnst á að fast efni verði fjarlægð úr kerum með miðjufrárennslis í hringkerum og setgildrum í langkerum (bls. 30) og að 80-90% af gruggi og föstu efni úr eldisvatni verði tekið til hliðar, en frárennslinu svo leitt um lögn til sjávar í Arfadalsvík (bls. 27-28). Hins vegar er ekki skýrt hvað á að gera við þennan lífræna úrgang sem fjarlægður er úr frárennslinu né hve mikið magn um ræðir. Í greinagerð segir: „Því mun úrgangsmassanum vera fargað á viðurkenndan hátt t.d. sem landfylling eða sem orka í brennslu“ (bls. 31). Umhverfisstofnun telur að fjalla verði ítarlega um magn og móttöku á föstu efni úr affalli í frummatsskýrslu, því gera má ráð fyrir umtalsverðu magni úrgangsmassa úr 6.000 tonna eldi. Í greinagerð segir: „Gert er ráð fyrir því að frárennslisrör með yfirfallsvatni úr eldiskerjum endi í fjörukambi og vatnið blandist sjónum þar fyrir utan“ (bls. 28) og: „Frárennslid er því í hita og seltu það sama eða mjög svipað því sem vatnið er sem fellur hvort eð er til sjávar frá náttúrunnar hendi“ (bls. 47). Líkt og í umsögn sinni 15. júlí 2013, við matskyldufyrirspurn 3.000 tonna strandeldis IceAq ehf., þá minnir Umhverfisstofnun á að ef staðsetning frárennslis er ekki í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, er heimilt að beita öðrum lausnum sem heilbrigðisnefnd (Heilbrigðiseftirliti Suðurlands) metur fullnægjandi að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar sbr. 7. mgr 9.gr. reglugerðar.

Matorka stefnir á að vera með 70-75% endurnýtingu á vatni til að draga úr vatnsnotkun og vatnstöku, og gerir það 6 lítra pr. framl. kg. fisk skv. greinagerð (bls 15). Frekari umfjöllun í frummatsskýrslu um endurnýtingu vatns sem og nýtingu frárennslis til þörungaframleiðslu of áhrif þeirrar nýtingar á losun næringarefna í umhverfið með affalli eldis, er mikilvæg að mati Umhverfisstofnunar.

- **Lífríki í fjöru**

Fjaran við Arfadalsvík er auðug lífi og hefur að geyma mikinn lífmassa skv. athugunum á vegum Náttúrustofu Reykjaness frá 2011 (bls. 17). Mikilvægt er að í frummatsskýrslu sé vel skýrt frá mögulegum áhrifum framkvæmdaraukingar landeldis á lífríki í Arfadalsvík m.t.t. breytinga á hitastigi, seltu og hlutfalli næringarefna í viðtakann.

Í greinagerð kemur fram að lífríki í Arfadalsvík sé auðugt og undirlag fjölbreytilegt (bls. 46) og er partur af strandsvæði vestan Grindavíkur sem er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 105). Því er mikilvægt að frummatsskýrsla fjalli um möguleg áhrif framleiðsluaukningar fiskeldis á lífríki svæðisins. Svæði á náttúruminjaskrá hefur aukið verndargildi að mati Umhverfisstofnunar. Þótt sama lagnaleið og aðrir aðilar nýta til sjávar sé nýtt ætti að gæta þess að sú framkvæmd rýri ekki verndargildi svæðis nr. 105 á náttúruminjaskrá. Lagt er til að í frummatsskýrslu verði nánar fjallað um vöktun fráveituvatns, vegna mögulegra áhrifa á lífríki í fjöru, og að kröfur um slíka vöktun verði settar fram í nýju starfsleyfi.

- **Grunnvatn**

Umfjöllun um vatnstöku í greinagerð (bls. 29-30) er góð að mati Umhverfisstofnunar en í frummatsskýrslu þarf nánari umfjöllun um efnainnihald vatns, vatnstöku og vöktun á stöðu ferskvatns við framleiðsluna. Stofnunin telur að góð vitneskja um grunnvatnsástand og greinagóð lýsing á mælingum vöktunar sé mikilvæg fyrir vatnsbúskap svæðisins og sjálbæra nýtingu.

Í greinagerð kemur fram að heildarvatnspörf til 3.000 tonna viðbótar á framleiðslu sé 2.000 l/s miðað við 70% endurnýtingu á vatni. Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um heildarvatnspörf 6.000 tonna framleiðslu í frummatsskýrslu, þar sem nýtingin mun verða að því marki eftir umrædda framkvæmd. Þá er ekki skýrt hvort sú vatnstaka verði hreinlega 4.000 l/s og miðað sé við sama endurnýtingarhlutfall vatns fyrir alla framleiðsluna eða aðeins viðbótina. Þá telur stofnunin ákjósanlegt að vöktunaráætlun og fyrirliggjandi niðurstöður símælinga svæðis liggi fyrir í frummatsskýrslu.

Framkvæmdarsvæði er ekki langt frá mörkum fjarsvæðis vatnsverndar til vesturs sbr. mynd 7. og telur Umhverfisstofnun að fram komi í frummatsskýrslu hvernig framkvæmdir við Húsatóftir muni ekki hafa áhrif á fjarsvæðið.

Fram kemur í greinagerð að sjótaka úr borholum gefur sjúkdómsfrítt vatn þar sem hraunið hefur síað það (bls. 14) og telur Umhverfisstofnun það vera jákvætt. Auk þess er endurnýting vatns eftir nýjustu tækni og byggð á íslenskri sem erlendri þekkingu (bls. 18) mjög jákvæð að mati stofnunarinnar.

- **Jarðmyndanir**

Í frummatsskýrslu ætti að liggja fyrir greinagott kort af dreifingu nútímahrauns á framkvæmdarsvæði og ítarleg umfjöllun um áhrif framkvæmda á jarðmyndanir og hvernig má forðast eða takmarka rask á nútímahrauni við stækkun landeldisins. Ef ekki tekst að forðast rask ber að rökstyðja þá brýnu nauðsyn rasks í frummatsskýrslu sbr. 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Framkvæmdin er ekki á svæði sem er friðlýst en líkt og kemur fram í greinagerð þá liggur lóð fiskeldisstöðvarinnar á nútímahrauni (bls. 41), Eldvarpahraun (Blettahraun), sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði í skipulagi, en uppbygging iðnaðar innan skilgreindra lóða dregur ekki úr verndargildi stærra svæðis nútímahrauns né svæðis á náttúruminjasrá að mati Umhverfisstofnunar. Að mati stofnunarinnar er eðlilegt að í frummatsskýrslu sé kort sem sýnir úbreiðslu Eldvarpahrauns og staðsetningar áformaðra framkvæmda (s.s. lagnaskurði, efnistökusvæði, mannvirki, bílastæði og vegi) til að skýra fyrirhugaða röskun svæðisins auk umfjöllunar um hvernig má takmarka hana.

- **Efnistaka og haugsetning**

Nákvæmar upplýsingar um efnistöku á svæðinu m.t.t. magns og skýra framsetningu á staðsetningu efnistöku og haugsetningar á korti.

Fram kemur í greinagerð: „*Ekki er talin þörf á frekari umfjöllun í frummatsskýrslu um áhrif framkvæmda og rekstur á efnistöku og haugsetningu*“ (bls. 50). Umhverfisstofnun telur eðlilegt að fjöldi efnistökusvæða, magn efnistöku og kort sem sýnir staðsetningu þeirra sé í frummatsskýrslu. Þá er ákjósanlegt að hafa kort sem sýnir núverandi staðsetningu landeldis rekstraraðila auk áformaðs svæðis framleiðsluaukningar og efnistökusvæða fyrir skýrleika.

- **Landslag og ásýnd**

Sýnileikagreining framkvæmdar og umfjöllun um hvernig skal takmarka sjónræna mengun frá eldinu með því að haga staðsetningu og hönnun mannvirkja til að lágmarka áhrif á ásýnd landslags.

Fram kemur í greinagerð að aðeins fódursíló og súrefnistankar verði sýnilegir á lóð 3.000 tonna fiskeldiseiningu þar sem hönnun stöðvarinnar verði hagað á þann hátt að hún sjáist varla frá vegi eða byggð (bls. 18). Mikilvægt er að nánari umfjöllun um mótvægisáðgerði í formi hönnunar mannvirkja komi fram og að staðsetning stöðva og eininga sé sýnd á korti á greinilegan hátt í frummatsskýrslu framkvæmdar.

- **Gróðurfar og fuglar**

Frekari umfjöllun um vistgerðir á svæðinu sem raskast og þeirra fugla sem nýta sér svæðið, þá sérstaklega til varps, og m.t.t. nýjasta valista fugla frá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ). Er það mat Umhverfisstofnunar að umfjöllun um gróðurfar svæðis í frummatsskýrslu þarf að vera ítarlegri en mynd 39 á bls. 45 greinagerðar sýnir. Þá þarf að meta áhrif framkvæmdar á Arfadalsvík sem mikilvægar fjörur til fæðuöflunar fyrir fugla.

Umhverfisstofnun telur að sýna þurfi vistgerðakort (NÍ) af svæðinu í umfjöllun um gróðurfar í frummatsskýrslu auk umfjöllunar um verndargildi vistgerða sem raskast við framkvæmdir. Þá er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fram komi skýrar upplýsingar um hvernig skal lágmarka rask á gróðri. Mikilvægt er að einnig sé rætt um mótvægisáðgerðir röskunar gróðurlendis í formi uppgræðslu svæða með staðargróðri. Það er jákvætt ef frummatsskýrsla veitir nánari umfjöllun um áhrif aukins affalls landeldis á fæðuöflun fugla á svæðinu líkt og komið er inn á á bls. 46.

- **Loftgæði og hljóðvist**

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um loftgæði og hljóðvist í greinagerð sé fullnægjandi og ekki sé þörf á frekari greiningu í frummatsskýrslu.

Annað


Umhverfisstofnun telur uppsetningu greinagerðar vera vel skipulagða og göng sett fram á nokkuð skýran hátt sem er jákvætt. Þó telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að sýna svæðið betur á korti í frummatsskýrslu, veita þar með skýrari framsetningu framkvæmdar í frummatsskýrslu. Á korti ætti staðsetning svæðis að vera skýr, sýna alla fyrirhugaða starfsemi rekstraraðila, 6.000 tonna eldi, og mannvirki s.s. vegi, plön og efnistökusvæði.

Þá má bæta framsetningu töflu 3 á bls. 33 með mælieiningm fyrir hitastig frárennslis (C°) og sambærilegar einingar fyrir súrefnisnotkun. Þá vantar útskýringu á mælieiningunni BOD sem kemur fyrir á bls. 32 og í töflu 3.

Að mati Umhverfisstofnunar eru áform um að nýjar fiskeldiseiningar beiti nýjustu tækni og bestu þekkingu við endurnýtingu vatns, stýringu á fóðurgjöf, orkunotkun og meðhöndlun úrgangs í frárennslis mjög jákvæðar. Stofnunin telur 6.000 tonna strandeldi laxfiska er umtalsvert magn og því sé mikilvægt að reglugerð um fráveitu og skólp sé fylgt og að umfjöllun um áform um úrgangslosun og fráveitu starfseminnar sé ítarleg í frummatsskýrslu. Þá þarf frummatsskýrsla að taka skýrt fram hvaða einingar nýta ofangreinda tækni og hvaða tækni er til staðar í eldri einingum rekstraraðila. Umhverfisstofnun minnir á að sækja þarf um nýtt starfsleyfi til stofnunarinnar vegna framleiðsluaukningar.


Stofnunin bendir á að æskilegt sé að samningar við sorphirðufyrirtæki um móttöku úrgangs frá rekstri til endurvinnslu og förgunar liggi fyrir sem fyrst í matferlinu og fyrir starfsleyfisveitingu.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Steinar Rafn B. Baldursson
Sérfræðingur